



Efni: Ljósaklif. Umsögn vegna breytinga á lóð.

Þann 7. mars 2021 leggur Finnur Jakob Guðsteinsson inn umsókn þar sem óskað er eftir breytingu á lóð við *Ljósaklif við Garðaveg*.

Í dag er íbúðarhús og verkstæðisbygging á lóðinni sem er 1224,9 m² að stærð. Óskað er eftir að skipta lóðinni í tvær lóðir. Annarsvegar 698,8 m² og hinsvegar 526.2 m². Núverandi verkstæðisbyggingu verði breytt í íbúðarhús og að sunnan við húsið verði mögulegt að nýta 20m² byggingarreit. ásamt 6,5m² til viðbótar sé meðtalin horfin skúrbygging sem áður stóð norðan við húsið. Kvöð er um aðkomu gegnum lóð núv. íbúðarhúss.

Skv. gildandi deiliskipulagi er nær til lóðarinnar við *Ljósaklif við Garðaveg* þá hefur hverju húsi verið afmörkuð lóð. Íbúareigendum er heimilt að gera ákveðnar endurbætur á eignum sínum en ekki er heimilt að auka við núverandi byggð í Skerseyrarhrauni.

Ekki eru gerðar athugasemdir við að skipta lóðinni í tvær. Hvað varðar uppbyggingu innan lóðanna þá er vel hægt að fallast á að byggt verði við og á grunnni eldri bygginga sem stóðu þar áður. Enda er þá ekki verið að auka við núverandi byggð. Fylgja skal þeim ákvæðum sem sett eru fram í greinagerð deiliskipulagsins fyrir svæði D, grein 3.12 Skerseyrarhraun þegar kemur að úfærslu nýbygginga sem og viðhaldi eldri húsa innan svæðisins.

Verði fallist á að skipta lóðinni með framangreindum hætti skal fara fram deiliskipulagsbreyting. Sækja þarf sérstaklega um slíkar breytingar og fellur allur kostanður vegna hennar á þann sem eftir henni óskar.